Ársskýrsla Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins 2016

Ávarp forstjóra

Árið 2016 sýnir að það var engin kyrrstaða í starfsemi Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og sótt var fram á mörgum sviðum þjónustunnar. Læknisviðtölum og viðtölum á dagvakt hjúkrunarfræðinga fjölgaði verulega frá árinu á undan, auk þess sem umfang þjónustunnar hefur verið að aukast á ýmsum sviðum. Vel gekk að sinna heiluverndarstarfi, mæðravernd, ung- og smábarnavernd og skólaheilsugæslu á árinu, en árangur okkar á þessum sviðum er til eftirbreytni á heimsvísu.

Í samræmi við stefnu og aðgeraðráætlun í geðheilbrigðismálum var haldið áfram að byggja upp sálfræðiþjónustu innan heilsugæslunnar. Fjölgað var í hópi sálfræðinga á heilsugæslustövum þannig að á árinu náðist það langþráða markmið að í boði er sálfræðiþjónusta fyrir börn og unglinga að 18 ára aldri á öllum heilsugæslustöðvum HH, auk þjónustu sálfræðinga í mæðravernd. Jafnhliða þessari uppbyggingu var haldið áfram að efla sálfæðiþjónustu fyrir fullorðna, bætt var við hópmeðferðum/námskeiðum í hugrænni atferlismeðferð fyrir fullorðna einstaklinga, auk þess sem tekið var upp nýtt og skýrara verklag um þjónustuna.

Ný skipulagseining varð til á árinu, Heimahjúkrun Hafnarfjarðar, Garðabæjar og Kópavogs þegar heimahúkrun á heilsugæslustöðvum á suðursvæðinu var sameinuð á einn stað. Framlög til heimahjúkrunar voru hækkuð um 100 m.kr. á árinu, en með því framlagi tókst að fjölga fagteymum innan Heimahjúkrunar, þó svo enn vanti upp á að unnt sé að manna í samræmi við sívaxandi þörf. Vel tókst til á árinu að ná markmiðum sameiningar, að byggja upp faglega, sérhæfða og skilvirka þjónustu, dreifa betur álagi og koma í veg fyrir bið eftir þjónustu. Starfsemistölur sýna mikla aukningu á umliðnum árum, bæði hvað varðar heildarfjölda samskipta og vitjana.

Á árinu 2016 var haldið áfram með skipulagsbreytingar á heilsugæslustöðvum HH, en þær miða að því að auka þjónustu við íbúa höfuðborgarsvæðisins, nýta betur takmarkaða fjármuni Heilsugæslunnar og stuðla að bættu vinnuumhverfi starfsmanna. Einn stjórnandi ber nú faglega og fjárhagslega höfuðábyrgð á rekstri hverrar stöðvar og lagt er upp með teymisvinnu sem grunnstef í starfsemi stöðvanna. Þegar lagt var af stað í breytingarnar á haustmánuðum 2015 var gert ráð fyrir tveggja ára breytingaferli, en í ljósi góðrar reynslu á árinu og fyrirséðrar breytingar á fjármögnunarkerfi heilsugæslunnar á árinu 2017 var ferlinu flýtt og breytingin því alls staðar komin til framkvæmda um áramót 2016/2017.

Ársskýrsla þessi er vitnisburður þess fjöbreytta starfs sem fram fer innan Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Áfram bíða krefjandi verkefni, en við væntum þess að með batnandi hag þjóðarinnar sjáist í verki vilji stjórnvalda til eflingar heilsugæslunnar og hún fái þann sess sem henni ber sem fyrsti viðkomustaðurinn í heilbrigðisþjónustunni.

Stjórnendum og starfsfólki færi ég þakkir fyrir vel unnin störf. Við erum stolt af þeim árangri sem náðist á árinu og horfum björtum augum til næsta starfsárs.

Svanhvít Jakobsdóttir, forstjóri



Skipurit Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins 31. desember 2016

Árið 2016 – Nokkur atriði

Skipulagsbreytingar

Haustið 2015 hófust hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins breytingar á rekstri heilsugæslustöðvanna sem miða að því að auka þjónustu við notendur, nýta betur fjármuni og að bæta vinnuumhverfi starfsmanna.

Áætlað var að það muni taka tvö ár að hrinda þessum breytingum í framkvæmd á þeim fimmtán heilsugæslustöðvum sem HH rekur í dag en ákveðið var að flýta þessum skipulags- og áherslu-breytingum þannig að þeim lyki um áramót 2016-2017.

Ætlunin er að lágmarka miðstýringu, skýra ábyrgð stöðva og stytta boðleiðir. Til að gera stjórnun þeirra skilvirkari verður einn rekstrarlega ábyrgur stjórnandi á hverri heilsugæslustöð í stað tveggja nú.

Til að gera þjónustuna markvissari verður teymisvinna grunnstef í starfsemi stöðvanna. Þverfagleg teymi heilbrigðisstarfsfólks munu auðvelda stöðvunum að taka á flóknum vandamálum með fjölbreyttum úrræðum. Virkari notkun gæðastaðla og viðmiða mun einnig stuðla að auknum gæðum þjónustunnar. Fjárhagsrammi stöðvanna mun ráðast af greiðslulíkani sem byggir á fjölda, aldri og heilsufari skjólstæðinga, ásamt árangurs- og gæðaþáttum.

Í breyttu skipulagi mun starfsfólk fá aukið sjálfstæði til að móta starfsemina og til að útfæra þjónustu sem mætir þörfum íbúanna og uppfyllir um leið kröfur um árangur samkvæmt mælingum og mati.

Starfsfólkið mun fá tækifæri til móta störf sín og starfsumhverfi og lögð verður áhersla á samstarf við menntastofnanir og aukinn stuðning við heilbrigðisstarfsfólk í sérnámi. Stjórnendur Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins vænta þess að þannig verði heilsugæslan spennandi vettvangur og samkeppnishæfur valkostur fyrir fyrir nýjar kynslóðir heilbrigðisstarfsfólks.

Með þessum breytingum er stefnt að því að auka og bæta aðgengi notenda að daglegri þjónustu heilsugæslunnar.

Stjórnun og skipulagi stöðvanna var breytt í áföngum á þremur heilsugæslustöðvum í einu og endað á stöðvunum í Kópavogi og á Seltarnarnesi, eins og sést á þessarri tímalínu.



Endurbætt húsnæði Heilsugæslunnar Seltjarnarnesi og Vesturbæ

Í janúar flutti Heilsugæslan Seltjarnarnesi og Vesturbæ til baka á Suðurströnd 12 eftir að hafa verið starfrækt í rúmlega eitt ár á Landakoti á meðan gagngerar endurbætur fóru fram á húsnæði stöðvarinnar.

Húsnæði Heilsugæslu Seltjarnarness og Vesturbæjar er rúmir 1.000 fermetrar að stærð. Það er hannað af Jes Einari Þorsteinssyni, arkitekt og er fyrsta húsið sem var sérhannað fyrir heilsugæslu í landinu. Eftir rúmlega 30 ára starfsemi í húsinu var kominn tími á endurbætur, að utan jafnt sem innan. Fyrir nokkrum árum var ráðist í viðamiklar utanhússviðgerðir og var strax ljóst að ekki yrði farið í endurbætur innanhúss öðru vísi en að færa starfsemina annað á meðan. Auk umfangsmikils viðhalds og endurbóta var brýnt að bæta vinnuaðstæður starfs-fólks og aðstöðu fyrir heilsu-verndarstarfið. Meðal endurbóta sem nú var ráðist í má nefna að lagnakerfi hússins voru endur-nýjuð og innréttingar lagfærðar eða endurnýjaðar. Gerðar voru breytingar á innra skipulagi þannig að húsið henti betur starfseminni og mæti þörfum nútíma heilbrigðisþjónustu.

Markmið endubótanna var að skapa starfsfólki og skjólstæðingum stöðvarinnar umgjörð og aðstæður sem öllum liði vel í hvort sem um væri að ræða stuttar heimsóknir eða langan vinnudag og niðurstaðan er falleg og björt heilsugæslustöð, þar sem tekist hefur að bæta starfsaðstæður og skapa umhverfi sem tekur vel á móti skjólstæðingum heilsugæslunnar.

Sameinuð heimahjúkrun

Heimahjúkrun Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins í Hafnarfirði, Garðabæ og Kópavogi hefur verið sameinuð og verður framvegis rekin sem ein eining í stað fjögurra áður. Þessi þjónusta var veitt frá Heilsugæslunum Firði, Sólvangi, Garðabæ og Hamraborg.

Ný starfsstöð sameinaðrar Heimahjúkrunar var tekin formlega í notkun í 2. júní 2016 en starfsemin hófst 9. maí. Stöðin er til húsa að Hlíðasmára 17 í Kópavogi sem er nálægt miðju þjónustusvæðisins og liggur vel við helstu stofnbrautum en það kemur sér vel því stærstur hluti þjónustunnar fer fram á heimilum skjólstæðinga í bæjarfélögunum þremur.

Með sameiningunni er stefnt að því að ná fram hagræðingu og auka sveigjanleika í rekstrinum þannig að hægt verði að koma betur til móts við þarfir þeirra sem njóta þjónustunnar. Gert er ráð fyrir að með stærri rekstrareiningu og samræmdum verkferlum verði auðveldara að bregðast við óvæntum aðstæðum sem upp geta komið og að hægt verði að sinna betur sjúklingum sem útskrifast af Landspítala og draga þannig úr svokölluðum fráflæðivanda spítalans. Stefnt er að markvissri, faglegri, sérhæfðri og skilvirkri heimahjúkrun sem kemur til móts við þarfir þeirra sem njóta þjónustunnar. Með nýju skipulagi verður hægt að að bæta og stytta boðleiðir milli Heimahjúkrunar og mikilvægra stofnana velferðarkerfisins.

Á fjárlögum 2016 var framlag til heimahjúkrunar á höfuðborgarsvæðinu hækkað um 100 milljónir króna til að efla þjónustuna á ný eftir niðurskurð í kjölfar efnahagshrunsins. Þess er vænst að nú verði hægt að verja lengri tíma með þeim notendum sem þess þurfa og að biðlistar eftir þjónustunni sem hafa verið viðvarandi síðustu ár muni styttast og jafnvel hverfa. Alls eru 75 starfsmenn í sameinaðri heimahjúkrun suðursvæðis sem veita að jafnaði um 680 skjólstæðingum þjónustu á hverjum tíma. Markmið heimahjúkrunar er að gera sjúkum og öldruðum kleift að dveljast heima, við sem eðlilegastar og bestar aðstæður eins lengi og unnt er miðað við heilsufar og félagslegan aðbúnað þeirra.

Á myndinni eru frá vinstri: Svanhvít Jakobsdóttir forstjóri, Sigrún Kristín Barkardóttir svæðisstjóri Heimahjúkrunar og Þórunn Ólafsdóttir framkvæmdastjóri hjúkrunar við formlega opnun sameinaðrar starfsstöðvar Heimahjúkrunar í Kópavogi, Garðabæ og Hafnarfirði.

Rekstur

Rekstraryfirlit

	2016	2015
Sértekjur alls	947.612.110	742.249.935
Gjöld	7.355.044.571	6.395.530.840
Laun og launatengd gjöld	5.529.467.848	4.752.788.840
Önnur gjöld	1.825.576.723	1.642.742.000
Ríkisframlag	6.436.162.709	5.667.800.000
Tekjuafgangur	28.730.248	14.519.095

Kostnaður sundurliðaður eftir viðfangsefnum

Heilsugæslustöðvar

	2016	2015
Heilsugæslan Árbæ	430.333.262	365.752.609
Heilsugæslan Efra Breiðholti	292.537.348	262.887.665
Heilsugæslan Efstaleiti	233.611.192	229.655.681
Heilsugæslan Fjörður	351.724.659	369.106.988
Heilsugæslan Garðabæ	301.979.771	288.467.506
Heilsugæslan Glæsibæ	237.297.113	230.568.634
Heilsugæslan Grafarvogi	432.827.187	394.358.954
Heilsugæslan Hamraborg	352.433.445	483.765.287
Heilsugæslan Hlíðum	239.961.611	216.005.392
Heilsugæslan Hvammi	244.546.220	219.843.284
Heilsugæslan Miðbæ	224.237.944	206.317.982
Heilsugæslan Mjódd	238.724.083	225.159.934
Heilsugæslan Mosfellsumdæmi	458.856.201	356.101.339
Heilsugæslan Seltjarnarnesi og Vesturbæ	325.873.089	301.275.703
Heilsugæslan Sólvangi	472.225.779	499.270.539
Samtals	4.837.170.920	4.648.537.497

Miðlæg þjónusta

	2016	2015
Þroska- og hegðunarstöð	182.771.495	160.112.771
Göngudeild sóttvarna	27.182.900	32.043.785
Geðheilsa iðjuþjálfun	47.728.967	45.437.245
Heimahjúkrun HH*	390.695.244	0
Samtals	648.378.606	237.593.801

Skrifstofa og verkefni

	2016	2015
Skrifstofa og Þróunarsvið	746.020.041	610.801.172
Deild rafrænnar þjónustu	153.493.680	156.348.435
Samtals	899.513.721	767.149.607

Stærstur hluti sértekna eru komugjöld, um 46%. Aðrar tekjur eru m.a. vottorð, leigutekjur, námskeiðsgjöld og þjónusta við aðrar stofnanir.

Laun sérnáms- lækna og hjúkrunarfræðinga ásamt langtíma veikindum eru bókfærð undir skrifstofu.

Einstakir útgjaldaliðir breyttust með þeim hætti að launagjöld urðu 16,3% hærri en árið áður, húsnæðis-kostnaður hækkaði um 5%, kostnaður vegna tölvu- og kerfisfræðiþjónusta hækkaði um 12,8%, útgjöld vegna rekstrarvara hækkuðu um 17,5% og útgjöld vegna rannsókna hækka um 34%. Hins vegar lækka útgjöld vegna ferða og funda um 2,3%

*Heimahjúkrun HH í Hafnarfirði, Garðabæ og Kópavogi frá 1. maí 2016

Mannauður 2016

Ársverk eftir stéttarfélögum

	2016	2015	Breyting
Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga	130,9	116,6	14,3
Félag lífeindafræðinga	2,7	3.0	-0,3
Félag sjúkraþjálfara	2,3	2,5	-0,2
Félagsráðgjafafélag Íslands	4,2	3,5	0,7
Fræðagarður	4,8	4,8	0,0
Iðjuþjálfafélag Íslands	3	3,1	-0,1
Kjarafélag viðskipta- og hagfræðinga	5,5	3,1	2,4
Kjararáð og utan félaga	2	2,0	0,0
Ljósmæðrafélag Íslands	20,4	19,9	0,5
Lyfjafræðingafélag íslands	0,5	0,5	0,0
Læknafélag Íslands	135,3	123,0	12,3
Samflot sveitarfélaga	7,4	7,9	-0,5
Sálfræðingafélag Íslands	25,2	20,4	4,8
SFR - stéttarfélag í almannaþjónustu	117,5	108,1	9,4
Sjúkraliðafélag Íslands	33,6	32,1	1,5
Stéttarfélag bókasafns- og uppl.fr.	1	1,0	0,0
Verkalýðsfélagið Hlíf	0	0,1	-0,1
Þroskaþjálfafélag Íslands	0,6	0,5	0,1
Samtals	496,9	452,1	44,8

Ársverk eftir starfsstöðvum

	2016	2015	Breyting
Heilsugæslan Árbæ	29,2	26,0	3,2
Heilsugæslan Efra Breiðholti	20,7	19,4	1,3
Heilsugæslan Efstaleiti	20,6	19,5	1,1
Heilsugæslan Fjörður	25,9	29,7	-3,8
Heilsugæslan Garðabæ	24,9	26,9	-2,0
Heilsugæslan Glæsibæ	16,1	15,6	0,5
Heilsugæslan Grafarvogi	32,8	27,6	5,2
Heilsugæslan Hamraborg	29,6	48,9	-19,3
Heilsugæslan Hlíðum	19,5	18,8	0,7
Heilsugæslan Hvammi	18,2	18,0	0,2
Heilsugæslan Miðbæ	18,5	17,5	1,0
Heilsugæslan Mjódd	22,0	19,3	2,7
Heilsugæslan Mosfellsumdæmi	30,4	22,4	8,0
Heilsugæslan Seltjarnarnesi og Vesturbæ	24,1	23,1	1,0
Heilsugæslan Sólvangi	41,3	47,6	-6,3
Geðheilsa-Eftirfylgd	4,0	4,0	0,0
Göngudeild sóttvarna	3,7	2,8	0,9
Heimahjúkrun HH í Hafnarf., Garðabæ og Kópav.	42,7	0	42,7
Þroska- og hegðunarstöð	23,7	15,7	8,0
Skrifstofa	48,8	49,3	-0,5
Samtals	496,7	452,1	44,6

Ársverkum fjölgar umtalsvert milli ára. Það skýrist m.a. af fjölgun hjúkrunar-fræðinga og annarra í tengslum við nýja sameinaða heimahjúkrun þó margir starfs-menn hafi flust frá Sólvangi, Firði, Hamraborg og Garðabæ.

Ársverk eftir starfsstöðvum gefa ekki rétta mynd því Heimahjúkrun HH hóf störf 9. maí og ársverkatölur þar eru færri en þær myndu vera miðað við heilt ár og fleiri á stöðvum þaðan sem starfsmenn komu.

Markvisst er verið að fjölga sálfræðingum til að efla sálfræði-þjónustu fyrir börn og ungmenni

Aukning ársverka á ÞHS er vegna fjárveitingar til að stytta biðlista.

Lykiltölur 2016

Þessar tölur sýna eingöngu klíníska starfsemi á stöðvunum, viðtöl/komur einstaklinga, símtöl við þá eða lyfjaendurnýjun og síðan vitjanir til einstaklinga - bæði á dagvinnutíma og síðdegisvakt.
Engin vinna ritara, svör við rannsóknum, læknabréf eða önnur samskipti sem ekki fela í sér samskipti við einstaklinga eru hér með. Heimahjúkrun er talin sérstaklega.

Heilsugæslustöðvar - Samskipti eftir þjónustuflokkum

	Viðtöl	Símtöl	Vitjanir
Almenn læknishjálp	249.474	314.647	427[1]
Hjúkrun	79.191	56.071	2.529[2]
Mæðravernd	22.134	9.113	1
Ungbarnavernd	29.174	6.202	5.412
Sálfræðiþjónusta	4.531	1.817	1
Sykursýkismóttaka	987	198	
Annað	1.522	1.075	6
Alls	387.013	389.123	8.376

1) Hér er aðallega um að ræða vitjanir vaktlækna í Mosfellsbæ
2) Hér er aðallega um að ræða fjölskylduheilsuvernd og geðheilsuvernd mæðra í kjölfar barnsfæðingar

Heilsugæslustöðvar - Heildarsamskipti eftir starfstétt

Hér er ekki hægt að fá samtölu því að það geta margir starfsmenn komið að sömu samskiptum. Þó samskiptin séu ein að þá teljast þau einu sinni á hvorn starfsmann, þegar talið er eftir starfsstéttum.

	Viðtöl	Símtöl	Vitjanir
Læknar	269.080	319.264	481
Hjúkrunarfræðingar/ljósmæður	134.254	70.954	7.948
Sálfræðingar	4.531	1.817	1
Hreyfistjórar	685	71	
Félagsráðgjafar	831	1.004	3
Aðrir	1.301	1.002	1

Lykiltölur 2016 - framhald

Heilsugæslustöðvar - Heildarsamskipti eftir stöðvum

	Viðtöl	Símtöl	Vitjanir
Heilsugæslan Árbæ	39.017	33.302	864
Heilsugæslan Efta Breiðholti	24.701	33.428	251
Heilsugæslan Efstaleiti	17.964	14.992	378
Heilsugæslan Fjörður	23.492	23.335	706
Heilsugæslan Garðabæ	27.127	29.822	490
Heilsugæslan Glæsibæ	18.574	17.937	416
Heilsugæslan Grafarvogi	35.843	32.547	637
Heilsugæslan Hamraborg	19.679	21.364	410
Heilsugæslan Hlíðum	21.357	21.760	475
Heilsugæslan Hvammi	21.009	26.657	349
Heilsugæslan Miðbæ	21.955	21.114	542
Heilsugæslan Mjódd	20.587	20.699	518
Heilsugæslan Mosfellsumdæmi	23.770	21.116	728
Heilsugæslan Seltjarnarnesi	35.804	35.358	701
Heilsugæslan Sólvangi	36.121	35.720	905

Heimahjúkrun – samskipti

Þjónustuflokkurinn Heimahjúkrun á öllum stöðvum

	Viðtöl	Símtöl	Vitjanir
Heimahjúkrun	33	14.947	117.422
Iðjuþjálfun			233[1]

1) Iðjuþjálfun varð hluti af Heimahjúkrun HH á árinu, áður var hún stoðdeild innan HH og því ekki tekin út fyrir árin 2014 og 2015

Heimahjúkrun - samskipti eftir starfsstétt

Þjónustuflokkurinn Heimahjúkrun á öllum stöðvum

	Viðtöl	Símtöl	Vitjanir
Hjúkrunarfræðingar	32	11692	22883
Sjúkraliðar	1	2.421	72.448
Félagsliðar		834	23.144
Iðjuþjálfun			234

Lykiltölur 2016 - framhald

Heilsuvernd skólabarna skólaárið 2015-2016

Þessar tölur eru úr Ískrá

	Skólar á vegum HH	Meðaltal á hvern nemanda
Fræðsla skv. skipulagi	98.116	4,0
Önnur fræðsla	30.405	1,2
Viðtöl um heilsu og líðan	9.507	0,4
Bólusetningar	6.710	0,3
Samskipti vegna einstaklingsþjónustu	37.753	1,6
Skimanir	22.520	0,9
Samtals samskipti	205.011	8,5
Nemendafjöldi	24.231	

Þroska- og hegðunarstöð

Þessar tölur eru ekki úr SÖGU

	2016	2015
Nýjar tilvísanir til Þroska- og hegðunarstöðvar	568	541
Þar af vegna ADHD og skyldra raskana	532	491
Tilvísanir afgreiddar á árinu	657	383
Þar af fóru í formlegt greiningarferli	506	320
Þátttakendur á færniþjálfunarnámskeið fyrir foreldra eða börn	432	465

Geðheilsa - Eftirfylgd

Þessar tölur eru ekki úr SÖGU

	2016	2015
Skjólstæðingar	154	203
Viðtöl	1.997	1.608
Vitjanir	41	36
Bráðatilfelli	95	71
Fjölskyldufundir	166	35
Þjálfun á vettvangi	176	131
Skjólstæðingar í hópastarfi og virkni	296	